

Fundur minjaráðs Vesturlands 27. nóvember 2018

Fundurinn var haldinn í húsnæði Háskólans á Bifröst og hófst kl. 10:25.

Fundinn sátu: Ágúst Ólafur Georgsson, Hulda Guðmundsdóttir, Jón Heiðar Allansson, Magnús A. Sigurðsson og Sigurður Þórólfsson. Aðrir höfðu boðað forföll.

Dagskrá samkvæmt fundarboði var sem hér segir: 1) Hlutverk minjaráða. 2) Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegra minja. 3) Stefnumótun fyrir minjavernd. 4) Önnur mál.

1. Hlutverk minjaráða

Hlutverk minjaráða er enn í mótun. Rætt var um hvernig ráðin geta komið að stórum málum sem upp kunna að koma, t.d. í fjölmiðlum, og voru Víkurgarður í Reykjavík og gamla sundlaugin í Keflavík nefnd sem dæmi. Hugsanlega hefðu bæði þessi dæmi komið fyrir á borð Minjastofnunar með aðkomu minjaráða á viðkomandi stöðum.

Rætt var um að hlutverk minjaráða geti jafnframt verið að styðja við minjaverðina og var bent á í þessu sambandi að sveitastjórnnum sé svo til ókunnugt um tilvist ráðanna og að mikilvægt væri að vinna bragarbót þar á. Ennfremur gætu ráðin komið á fót tengslaneti sem bæði þau og minjaverðir hefðu aðgang að. Þá kæmi sér vel að fá ábendingar um ýmis mál frá fulltrúum í minjaráði, svo sem um einstaka minjastaði og var Krosslaug í Reykjadal nefnd sem dæmi um stað með mikilli ágengni og álagsskemmdum.

2. Uppbygging innviða til verndar náttúru og menningarsögulegra minja

Minjavörður fór yfir umsóknir um styrki á Vesturlandi og þau verkefni sem fengu úthlutanir, en á lista umsækjenda vildi hann jafnframt sjá eftirfarandi staði: Dritvík, vikurnámu Jóns Loftssonar, minjar á Öndverðarnesi og Grundarkamp. Nefndi minjavörður í framhaldi að áhugi sé fyrir minjagarði innan vébanda þjóðgarðsins á Snæfellsnesi.

Fulltrúum í minjaráði er heimilt að senda minjaverði ábendingar um staði þar sem ástæða er til að bæta aðgengi fyrir ferðamenn. Í því sambandi var rætt hvort unnt væri að fara skipulega yfir Vesturlandið.

3. Stefnumótun fyrir minjavernd.

Fyrir liggur stefnumótun frá 2013 sem áætlað er að endurskoða á næsta ári (2019). Væntingar standa til hvort unnt sé að nýta minjaráðin við þessa vinnu.

4. Önnur mál

Rætt um minjar á Gufuskálum sem eru í hættu vegna ágangs sjávar og hvað hægt sé að gera þeim til bjargar. Helst var nefnt að fram yrði að fara neyðaruppgröfur áður en það yrði um seinan.

Rætt var um að stofna Facebook síðu fyrir minjaráð Vesturlands og hvort að ráðinu væri það heimilt.

Menningarminjadagur 2019. Yfirskriftin að þessu sinni er menningararfur og skemmtun. Hugmyndir frá minjaráði eru vel þegnar.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 12:15.

Ágúst Ólafur Georgsson fundaritari